

# Hvorki andlausir né barnalegir

Austfirski stórsveitin Köngulóarbandið vaknaði úr dvala á seinasta ári og gerði það gott í jólagasamkeppni Rásar 2

„Eru menn bara að vinna á gamlársmönnum?“ gellur í liðsmönnum Köngulóarbandsins þegar ég rölti inn til þeirra í Shellskálanum á Egilsstöðum. Klukkan er orðin tvö og kaffihúsin, sem eru svo vinsælir fundarstaðir fyrir viðtöl, lokað og við sitjum einir í veitingasalnum. Ég flýti mér að útskýra að ég hafi fengið svakalegt samviskubit yfir að hafa ekki unnið hina 364 dagana á árin og eftir spurninguna „hvernig hefur Austurglugginn það í dag?“ sé ég mig tilneyddan að benda á að það sé ég sem ætli að spyrja og þeir að svara en ekki öfugt. Köngulærnar eru ekki nema þrjár og útskýringarnar á fjarveru þess fjórða eru jafn margar og þær eru trúverðugar. „Hann er of þunnur til að sjást, hann er hérna. - Gústi er svo skapstór að við þorðum ekki að hafa hann með. - Hann muldrar bara eitthvað úti í horni, það skilur aldrei neinn hvað hann er að segja.“

Það eru þeir Björn Ingi Vilhjálmsson og Sigurður Magnús Þorbergsson, Eskfirðingar og Logi Helgu og Ágúst Torfi Magnússon, Seyðfirðingar, sem skipa Köngulóarbandið sem er komið á kreik á ný eftir sjö ára dvala. Hljómsveitin sendi inn Jólagag Köngulóarbandsins í jólagasamkeppni Rásar 2 og lagið varð í öðru sæti, en úrslit keppinnar voru kunnigjörð fyrir jól. Lagið er aðgengilegt fyrir þá sem vilja heyra það á vef hljómsveitarinnar, konguloarbandid.com.

„Okkur finnst þetta ekkert skrytið, ekki þegar við höfðum heyrt hin liðin sem komust í úrslit,“ segja strákarnir um úrslit keppinnar og bæta við. „Við tókum lagið bara upp fyrir sjálfa okkur og fréttum svo að keppninni. Úrslit eru samt bara okkur að kenna, við hefðum átt að svindla miklu meira, eins og sást á þeim sem vann. Hann gekk of langt! Við bjuggumst kannski við að landsbyggðarfólkið væri rokk-aðra.“

## Brandarinn vatt upp á sig

Það eru þeir Bjösssi og Logi sem láta dæluna ganga á milli þess sem þeir horfa ágrindaraugum á pizzuna sem hverfur ofan í Sigga. „Bandið var upphaflega stofnað sem brandari, við komum fram á balli á Seyðisfirði sem Rollujakkarnir en síðan vatt dæmið bara upp á sig og endaði á því að við vorum ekki sáttur við að komast ekki í úrslit á Músiktilraunum. Við vorum vorum sárir og ákváðum að gefa út disk til að hefna okkar, því tónlistin var slæm,“ segir Logi og Bjösssi tekur við keflinu. „Við vorum bitrír, höfðum trú á að við gætum eitthvað, hvort sem það var slæmt. Diskurinn kom út 19. desember 1997 og fékk „grimlandi“ góðar viðtökur,



Myndatexti: Sigg, Bjösssi og Logi úr Köngulóarbandinu - stórhuga en samt enn með allar átta lappirnar á jörðinni.

Mynd: GG

seldist eins og heitar lummur. Það var gaman að sjá hvað fólk tók disknum vel. Það virðast allir sem við spilum fyrir í dag kunna lögin vel enda fór diskurinn vel í yngstu kynslóðina sem í dag er djammkynslóðin. Við seldum fyrir kostnaði en nenntum ekki að selja fyrir kostnaðinum af stúdíóinu fyrir sunnan, við litum bara á það sem reynslu.“

En það voru ekki allir sem tóku disknum jafn fagnandi.

„Ég veit að hann var bannaður á leikskóla fyrir sunnan,“ segir Sigg. „Foreldrar voru teknir á tal út af orðalagi í texta (reykja, drekka, riða).“

„Lagið Bollupjófurinn var líka bannað, einhverjum sem var illa við kakótal,“ bætir Logi við. „Diskurinn féll samt vel í flesta þó tónlistin hafi haft meira skemmtanalegt gildi en tónlistarlegt.“

„Ég var að gefa disk um daginn og var spurður að því hvort Gústi væri kvenmaður,“ segir Sigg og hinum megin við borðið vaknar Bjösssi til lífsins. „Ég hef líka lent í þessu. Ég vona að fólk ruglist ekki svona á honum í dag!“

## „Vart tilbúnir á plast“

Diskurinn sem hljómsveitin gaf út á sínum tíma bar nafnið Andlausir og barnalausir. Titillinn var sótt-

ur í dóm Arna Matthíassonar, tónlistargagnrýnanda Morgunblaðsins, um frammistöðu Köngulóarbandsins á Músiktilraunum. Hann sparaði líka heldur hrósið á breiðskífuna þegar hún kom svo út og sagði meðal annars í niðurlagi gagnrýnnar: „Ekki fer á milli mála er hlýtt er á skífuna að þeim Köngulóarbandsmönnum gengur það helst til að skemmta sér og því kannski ekki rétt að dæma hana of hart. Hún skilur þó lítið eftir sig annað en þá spurningu hvort þeir hefðu ekki átt að nægja að setja bestu lögin á band og láta þar við sitja því þeir eru fráleitt tilbúnir á plast.“ Það er ekki hægt að heyra á Köngulónum að þær erfi þetta við Arna, þvert á móti virðast meðlimir hljómsveitarinnar bera mikla virðingu fyrir honum.

„Hann er að minnsta kosti gagnrýnninn og orðar það skemmtilega. Maður les aldrei gagnrýni um disk sem fær fimm stjörnur, hann er bara góður, en þegar diskur fær núll stjörnu fer maður að lesa. Öll gagnrýni er góð, maður tekur bara mismikið mark á henni. Árni gagnrýnir bara það sem hann hlustar á, hann tekur á málinu eins og skurðlæknir. Það er mikið til í þessu sem hann var að segja, þetta var bara tónlist sem við vorum að semja fyrir okkur. Við ætluðum líka að nota brot úr dómnum sem nafn á næstu plötu - Vart tilbúnir á plast!“

Diskurinn var líka gagnrýndur af pólsku pöntimariti. Það veit enginn hvernig það gerðist en okkur skilst að hann hafi fengið nokkuð góða dóma.“

„Hvað ætli við heitum á pólsku?“ spyr Bjösssi.

## En það voru fleiri sem gagnrýndu diskinn.

„Við gáfum Helga Ómari (Bragasyni, skólameistara Menntaskólans á Egilsstöðum þar sem strákarnir voru allir í námi þegar diskurinn kom út) eintak. Mig minnir gagnrýnin hans hafi verið stutt og laggóð - Oj!“ segir Sigg. „Hann fær eintak af næsta. Helgi Ómar og Menntaskólinn eiga ýmsar þakkir skildar fyrir að hafa þolað okkur, vesalings námið fékk enga athygli.“

Bjösssi rifjar upp eftirminnilega tónleika í ME þar sem hann kom fram í Stórsveitinni dúsu. „Við komum með svolítið af aukagræjum en í hljómsveitinni var bara gítar og trommur. Helgi Ómar birtist með desibelamæli og benti á hann „Sjáið þið þetta?“ og þagg-aði niður í okkur!“

„Djöfulli væri ég til í að taka eina önn,“ glymur í Loga. „Eigum við að innrita okkur allir aftur og fara á vistina? Draumurinn er að spila aftur fyrir menntaskóla, sérstak-

lega ME. Gamalt fólk getur ekkert dansað við lögin okkar, þegar við spilum fyrir fólki milli þrítugs og fertugs þá þurfum við að hægja á okkur en þegar orkumikið fólk eins og grunn- og framhaldsskólarnemar eru í salnum þá er allt sett á fullt. Við tókum góða prufu í Vídísstaðaskóla um daginn, eftir 45 mínútur voru krakkarnir orðnir dauðuppgefnir og báðu um róleg lög. Þá komumst við að því að það voru engin slík á prógramminu svo þau eru komin inn núna.“ Þá er ekki úr vegi að minnast á orð Rokklandskóngsins, Ólafs Páls Gunnarssonar á Rás 2, sem sagði strákana í Köngulóarbandinu „bandbrjálada að austan.“

„Hann er sá eini sem vill spila okkur, hann er vinur okkar,“ segir Logi og upp spretta heitar umræður um hvort Óli Palli sé vinur Köngulóanna eður ei. „Þú og Gústi segid að hann sé það ekki. Ég og Sigg erum á því að hann sé vinur okkar. Takmarkið er alltaf sett eins hátt og hægt er, að vekja athygli, fá gagnrýni á tónlistina en maður leitar alltaf eftir góðri gagnrýni.“

Strákarnir fóru á sínum tíma í viðtal hjá Birni Blöndal á Austri þar sem þeir lýstu því meðal annars yfir að þeir ætluðu að láta Greifana hætta. Það virðist þó hafa mistekist þar sem Greifarnir hafa sent frá sér plötu með reglulegu millibili seinustu ár. „Ég er alveg

brjáláður - ég hélt þeir væru hættir!" segir Logi og lemur gafflinum í borðið. Bjössu er öllu rólegri og segir: „þeir mega alveg spila fyrir okkur. Þeir eru samt alltaf að stela lögum...annað en við sem stelum engu, eða það held ég. Gústi segir að þeir hafi stolið heilli plötu af okkur, þess vegna gáfum við ekki nema út eina!"

„Þetta var alveg hrikalega skemmtilegur tími, samt muna menn ekkert eftir honum en vinskapurinn hefur alltaf haldist. Við erum samt allir mjög ólíkir og eiginlega enginn sammála um hvernig tónlist við eigum að spila eða semja," segir Siggi og bætir svo við. „Yfirleitt var það regla að Björn spilaði í kjól, hann gerði það að minnsta kosti þegar við hituðum upp fyrir Sniglabandið."

### Tók því ekki að hætta aftur

En önnur platan kom aldrei út þar sem meðlimir Köngulóarbandsins dreifðu sér um allt land.

„Við byrjuðum á nýju efni en splundruðumst svo út um allt land. Bjössu gaf til dæmis út tvær sólbreiðskífur, karíókiplötur í Japan!" segir Logi hlægjandi. Við ræðum um Asíumarkað, þar sem íslenska rappsveitin Quarashi hefur meðal annars náð mjög góðum árangri og hvort þar sé ekki óþægður rokkmarkaður. „Það er ekkert rokk þaðan sem maður verður var við.

Bjössu er búinn að vera duglegastur af okkur síðan þá og verið í nokkrum böndum og að trúbba. Hann var líka í þungarokksbandi sem komst í úrslit Músiktilrauna en hætti fljótlega eftir það. Við komum saman þrjú í smá tíma sem rokktríó Svank. Við æfðum eiginlega bara, eyddum miklum tíma í ekki neitt. Við erum búnir að vera búa til Köngulóarborn, þegar



„Við eigum mikið af nýju efni sem við erum heitir fyrir að leyfa öðrum að heyra."

Mynd: Köngulóarbandið

við verðum orðnir of gamlir ætla Björn að spila með þeim. Spurning að klóna hann við tækifæri eða beita einhverjum yngingaraðgerðum á hann. En í raun erum við ekki búnir að gera neitt af viti í sjö ár."

Endurkoman var á sjómanna-dagsballi á Eskifirði í fyrra..

„Við vorum allir staðsettir fyrir sunnan og Nikki, umboðsmaður Austurlands, hóaði okkur samam," segir Bjössu. „Við spil-uðum á útítonleikum og síðan balli á Eskifirði um Sjómanna-dagshelgina og hituðum svo upp fyrir Sálina á laugardagskvöldinu, sem varð tli þess að það var hús-fyllir á ballinu hjá þeim svo þeir skulda okkur mikið," segir Bjössu. „Þá vorum við búnir að eyða svo miklum tíma í æfingar að það tók því ekki að hætta svo við leituðum

að afsökunum til að gera eitthvað. Við höfum fundið okkur eitt og annað til að stefna að, við förum í óháða Júrónísíónforkeppni á vegum gígg.is. Við unnum hana ekki, vorum full rokkaðir - ekki nógu Júrónísíónaðir. Við komumst líka í úrslit Battle of the Bands, sem er alheimskeppni þar sem hljóm-sveitir kljást, nokkurs konar full-orðins músiktilraunir - sama dæmi og í kvikmyndinni School of Rock. Bandið sem vann, spilaði svona Svíametal, mjög góðir og fóru út í lokakeppnina í Lundún-um. Við hugguðum okkur samt við að við hefðum hvort sem er engan tíma til að fara út - svo við færum ekki að gefa út aðra plötu! „Við erum búnir að vera í stúdíói að taka upp grunn að lögum sem við ætlum að klára fljótlega eftir

áramót og verða gefin út undir Köngulóarbandsnafninu. Svo erum við að bara að semja á fullu, ætlum að fara að vinna í að bóka okkur og spila en við erum ekki búnir að vera duglegir við það. Við erum samt að fara að spila á þorablóti Íslendinga í Horsend í Danmörku. Það verður allt fullt af Íslendingum en við ætlum bara að tala á dönsku!" segir Logi og þegar spurning um hvernig það tilboð hafi borist upp á yfirborðið er slengt fram er Bjössu fyrstur til að átta sig. „Nú spinnum við upp einhverja lygasögu!" og Logi tekur af honum orðið: „Það er flott að segja að diskurinn okkar hafi borist þangað eða frægðarsögur af endurkomu Köngulóarbandsins hafi borist þangað? Nei, annars þá er þetta eitthvað í gegnum DJ

Mariu Mey."

„Það er samt ekki víst að efnið sem við erum að semja í dag verði gefið út undir Köngulóarbands-nafninu - af tónlistarlegum ástæð-um," útskýrir Bjössu. „Við reynd-um að semja Köngulóarbandsefni en það gekk ekki. Við erum að huga að því að tónleikum, við erum mjög heitir fyrir að leyfa fólki að heyra nýja efnið okkar. Við erum mjög sáttir við það, að minnsta kosti ég," segir Bjössu en þagnar svo og lítur á Sigga sem notar tækifærið til að kalla „Ekki ég!" áður en Bjössu heldur áfram. „Þetta er í fyrsta skipti sem hægt er að kalla þetta alvöru hljóm-sveit síðan við byrjuðum, við vorum villuráfandi listamenn og vissum ekkert hvað við vorum að gera."

„Köngulóarbandið er að verða uppáhaldshljóm-sveitin mín," segir hinn hógværi Logi. „Við eigum frekar mikið af efni - er ekki klassík fyrir svona ballbönd að gefa út sumarslagara? Ætli við prófum það ekki, athugum hvað það hefur að segja. Við erum mjög stórhuga með bandið en erum samt alveg með allar átta lappirnar á jörðinni - ennþá! Við reiknum með nýrri plötu hvort sem hún kemur út undir Köngulóarbandsnafninu eða ekki. Ég er heitastur fyrir Iceland Airwaves, það gæti verið eitthvað sem við ætlum að skoða en það tekur tíma að koma nýju efni að, sérstaklega á Íslandi, því það eru fáir staðir á Íslandi þar sem hægt er að spila frumsamda tónlist."

„Köngulóarbandið verður alltaf til sem skemmtanaktvartett," segir Bjössu. „Ég vona að við höldum áfram að gera tónlist sem við höfum gaman af, mér finnst bara vera of lítið af tónlist."

GG

# Íbúum Austurlands fjölgar



Íbúum á Austurlandi fjölgaði um rúm tíu prósent frá 1. desember 2004 til 1. desember 2005. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands. Fjölgunin er hlutfallslega mest í Fljótsdalshrepp, eða 36%. Flestir hafa þó flust til Fljótsdalshéraðs eða 541. Íbúum utan mið-Austurlands fækkar samt. Fjölgunin er hlutfallslega mest á Austurlandi þegar svæðið er borið saman við aðra fjórðunga. Sé fjölgunin skoðuð með tilliti til kynjahlutfalls fjöl-gar karlmönnum um ein 17% en konum

ekki um nema 2,5%. Kynjahlutfallið er einnig óhagstætt í Fljótsdal þar sem sjö karlmenn eru á móti hverri konu, en einnig ber mikið í milli í bæði Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði. Í gögnum Hagstofunnar kemur einnig fram að hlutfall erlendra ríkisborgara er langhæst á Austurlandi samanborið við aðra fjórðunga. Af heildaríbúafjölda eru þeir 16,9% og tæpur fjórðungur karla en ekki nema 6,4% kvenna.

GG

	1.des.04	1.des.05	Karlar	Konur	Breyting	Hlutfall
Fljótsdalshérað	3.364	3905	2.326	1.579	541	16,08%
Austurbyggð	873	859	466	393	-14	-1,60%
Borgarfjarðarhreppur	137	146	82	64	9	6,57%
Breiðdalshreppur	249	232	125	107	-17	-6,83%
Djúpavogshreppur	479	458	251	207	-21	-4,38%
Fáskrúðsfjarðarhreppur	51	48	29	19	-3	-5,88%
Fjarðabyggð	3.175	3.895	2.323	1.572	720	22,68%
Fljótsdalshreppur	261	355	304	51	94	36,02%
Mjóafjarðarhreppur	38	42	21	21	4	10,53%
Seyðisfjörður	714	731	378	353	17	2,38%
Skeggjastaðahreppur	137	125	72		-12	-8,76%
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.225	2.189	1.148	1.041	-36	-1,62%
Vopnafjarðarhreppur	732	725	370	355	-7	-0,96%
<b>ALLS</b>	<b>12.435</b>	<b>13710</b>	<b>7.895</b>	<b>5.762</b>	<b>1.275</b>	<b>10,25%</b>